

Ágæti viðtakandi.

Ég óskaði eftir því við formanni yfirkjörstjórnar á Seltjarnarnesi, Pétri Kjartanssyni, lögmanni að taka saman fyrir ábendingar.
Hann sendi mér þetta og bið ég ykkur að skoða þær en hann hefur áratuga reynslu af þessum hér hjá okkur.

Hér eru þær:

„Í að heila tekið þá finnast mér kosningalögin nokkuð góð.
Þau eru skír, taka á flestu sem kemur upp í kosningum.
Það er þó tvennt sem kemur upp í hugann;

1. Þó ekki sé mögulegt að setja alla skapað hluti inn í lögin, þá hefur mér fundist að kjörstjórnir hafi haft fullrúma heimild til að túlka vafa

atkvæði, og stundum er ekki samræmi í því, þ.e. mismunandi kjörstjórnir komast að mismunandi niðurstöðum þó viðfangsefnið sé sambærilegt.

Þetta á t.d. sérstaklega við um utankjörstaðaratkvæðagreiðslu sem hefst áður en búið er að úthluta listabókstöfum.

Í síðustu sveitastjórnarkosningum fékk Viðreisn í sinn hlut atkvæði sem voru merkt "C", en það var ekki úthlutaður bíkstafur til Viðreisnar í sveitastjórnarkosningum. Ég man svo eftir fyrir mörgum árum í alþingiskosningum, að Vinstri Grænum var ekki dæmd atkvæði, sem voru merkt, "V" sem var talið að þeir myndu fá, en fengu svo "U", (eða öfugt, ég man þetta ekki fyrir víst!).

2. Hitt snýr að kjörstjórnunum sjálfum. Ég hefði talið að það mætti skýra stöðu þeirra betur. Kjörstjórn er kosin af sveitarstjórn og ber ábyrgð gagnvart henni. Sennilega gæti sveitarstjórn sett alla kjörstjórnina eða einstaka stjórnarmenn af, eftir almennum reglum um opinbert stjórnvald, en þetta er ekki alveg klárt og mætti vel hnykkja á í aðra hvora áttina. Það myndi styrkja stöðu kjörstjórnarinnar í störfum sínum.

Síðan eru breytingar sem hafa verið að koma inn síðustu árin sem ég hef áhyggjur af. Dómsmálaráðuneytið hefur með vaxandi þunga verið að koma meir og meir inn í framkvæmd kosninganna, með því að gefa allskonar fyrirmæli og kröfu um upplýsingagjöf. Þetta er ekki byggt á lagafyrirmælum eða reglugerðum, heldur virðist þetta fylgja einhverskonar breytingu í ráðuneytinu. Það sama á við um Hagstofuna þar sem síauknar kröfur eru gerðar um söfnun og meðferð upplýsinga, sem fjöldamargar kjörstjórnir telja að séu andstæðar gildandi lögum. Þetta er kannske alvarlegasta þróunin, og að mínu viti andstæð persónuverndarlögum, og setur kjörstjórnir í óþolandi stöðu gagnvart Hagstofunni og dómsmálaráðuneyti.“

Kær kveðja,

Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri.

Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri,
Bæjarskrifstofur Seltjarnarness,
Austurströnd 2, 170 Seltjarnarnesi.
Tel: +354 5959-105 Mobile +354 861-9085

www.seltjarnarnes.is

Fyrirvari/Disclaimer: <http://www.seltjarnarnes.is/tolvupostur/>

